

Sauðárkróki, 15. mars 2010.

Framkvæmdastjóri FRÍ
Jónas Egilsson.

Vegna fyrirspurnar frá 12. mars um skráningargjöld á mót.

Samkvæmt gildandi „Reglugerð um skráningargjöld“ eru gjöldin sem hér segir:

2. gr.

Skráningargjald er kr. 1.250 á grein í flokki 19 ára og eldri.

Skráningargjald vegna boðhlaups er kr. 2.500 á hverja sveit.

Skráningargjald fyrir einstakling í fjölþrautakeppni er kr. 6.250.

Skráningargjald á lið í „Bikarkeppn FRÍ 1. deild“ er kr. 31.250.

Skráningargjald vegna eins dags Bikarkeppni er kr. 20.000.

Gjöld vegna einstaklinga og boðhlaupa á mót fyrir 18 ára og yngri og í öldungaflokkum eru kr. 625 á einstaklingsgrein og kr. 1.250 á boðhlaup.

Þessi gjaldskrá var samþykkt á „Frjálsíþróttabingi 2008“.

Á heimasíðu FRÍ hafa verið rangar upplýsingar um upphæð gjalda, allt frá Frjálsíþróttabingi 2008.

Astæða þess er sú að í „Drögum að þinggerð 2008“, sem notuð voru við uppfærslu reglugerðarinnar eftir þingið, var sagt að tillaga „Fjárhagsnefndar þingsins“, um 50 % hækkun hefði verið samþykkt.

Svo var hins vegar ekki, þingið samþykkti 25 % hækkun.

Nauðsynlegt er að þessi villa verði leiðrétt sem fyrst á heimasíðu sambandsins.

Með bestu kveðjum,
Ásbjörn Karlsson,
Formaður „Laganefndar FRÍ“.